

Miðvikudaginn 15. júlí 1981.  
 Nr. 2/1981. **Alþýðusamband Íslands**  
**f.h. Verkalýðsfélags Akraness**  
**vegna Aldísar Sigurjónsdóttur**  
 (Egill Sigurgeirsson hrl.)  
 gegn  
**Vinnuveitendasambandi Íslands**  
**f.h. Heimaskaga h/f**  
 (Þórarinn V. Þórarinnsson cand.jur.)

Uppsögn á kauptryggingarákvæði. Lög nr. 19/1979, 3. gr.,  
 sbr. 10. gr.

### Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 8. þ.m., var höfðað með stefnu 19. maí 1981.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Verkalýðsfélags Akraness vegna Aldísar Sigurjónsdóttur.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Heimaskaga h.f., Akranesi.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. að dæmt verði að uppsögnin til sóknaraðila, Aldísar Sigurjónsdóttur, dags. 4. júlí 1980, sé ógild.
2. að dæmt verði að uppsögnin til sóknaraðila 4. júlí sé brot á lögum nr. 19/1979.
3. að dæmt verði að Aldís Sigurjónsdóttir hafi átt lögvarinn rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests miðað við mánaðamót, er henni var sagt upp þann 4. júlí 1980.
4. að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað.

Þann 27. febrúar 1976 komst á samningur milli Verkamannasambands Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar um fram­lengingu síðast gildandi kjarasamninga, með nokkrum breytingum.

Í þessum samningi segir í 6. lið þess kafla er fjallar um kauptryggingu starfsfólks í fiskiðnaði að heimilt sé að segja upp kauptryggingu verkafólks með 7 daga fyrirvara, ef vinnuslustöðvun sé fyrir-

sjáanleg. Uppsagnir skuli jafnan vera skriflegar gagnvart hverjum einstökum. Eftir að vinna hefjist á ný njóti verkafólk áunninna réttinda þannig að ráðningarsamningurinn taki sjálfkrafa gildi á ný frá og með þeim degi er vinna hefst og viðkomandi starfsmaður kemur á launaskrá. Þegar ráðningarsamningur þannig kemur aftur í gildi geti hann síðan fyrst fallið úr gildi á nýjan leik vegna uppsagnar að 7 dögum liðnum.

Þann 16. mars 1976 tókst svo samningur milli kvennadeildar verkafélags Akraness og forráðamanna fiskvinnslustöðva þar í bæ. Í þessum samningi segir m.a. á þessa leið:

„1. Vinna verði hafin eftir því nýja samkomulagi um kauptryggingarsamning, er undirritað var við síðustu kjarasamninga, sem dagsettir voru 27. febrúar 1976.

Atvinnurekendum er þó aðeins heimilt að segja upp á tveim dögum í viku hverri, á föstudögum eða á mánudögum.

Tilgreina skal haldgóða skýringu fyrir uppsögninni, er kynnt verði í uppsagnarbréfi.

.....

3. Sett verði á samstarfsnefnd, sem vinni að lausn þess ágreinings sem upp kann að koma vegna sammingsins. Trúnaðarráð verkavenna á vinnustöðum tilnefni einn fastafulltrúa í nefndina og annar taki sæti í henni frá þeim vinnustað, sem ágreiningur hefur komið upp. Á sama hátt velji atvinnurekendur sína fulltrúa, einn fastafulltrúa og annan frá þeim stað sem ágreiningur hefur vaknað.

.....“

Þessi fiskvinnslusamningur hefur verið í gildi síðan. Ofan nefndur samningur Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands, er fiskvinnslusamningur þessi visar til, var endurnýjaður þann 11. júní, með óbreyttum ákvæðum varðandi uppsögn kauptryggingarsamninga, og hefur gilt síðan.

Sóknaraðili Aldís Sigurjónsdóttir, til heimilis að Kirkjubraut 2 á Akranesi, hefur starfað í frystihúsi varnaraðila, Heimaskaga h/f á Akranesi, u.þ.b. 10 síðastliðin ár. Skriflegur ráðningarsamningur við sóknaraðila var gerður þann 13. apríl 1976, og hefur hann komið fram í málinu.

Þann 4. júlí 1980 barst sóknaraðila svolátandi bréf, dagsett s.d. undirritað af Valdimar Indriðasyni f.h. Heimaskaga h/f:

„Vegna fyrirsjáanlegs fiskiskorts, sem stafar af árlegu eftirliti og viðgerðum á togurum fyrirtækjanna, sjáum við okkur tilneydda að segja upp kauptryggingarákvæði samninganna frá og með 11. júlí n.k.

Ekki er búist við að vinna geti hafist aftur, fyrr en í fyrsta lagi eftir verslunarmannahelgi“.

Vinnsla hófst ekki í frystihúsi varnaraðila á nýjan leik fyrrri en 27. október 1980.

Meðan á þessari vinnslustöðvun stóð voru haldnir nokkrir fundir í Atvinnumálanefnd Akraness þar sem rætt var um hráefnisöflun til frystihúsanna, og bar málsefni Heimaskaga h/f m.a. á góma. Á fundi þann 1. október var nefndin sammála um að leggja til við útgerðarráð Krossvíkur h/f, en varnaraðili á aðild að ráðinu sem hluthafi, að varnaraðili fengi aflakvóta sinn stækkaðan. Var Valdimar Indriðason staddur á fundinum og gat þess að ósk um aukið hráefni, sem myndi þá hafa í för með sér að minna yrði handa öðrum frystihúsum, væri ekki undan sínum rifjum runnin, heldur að frumkvæði nefndarinnar. Hann gat þess og að varnaraðili hefði átt von á aðkomuskipi til að landa um hásumarið

Verkalýðsfélag Akraness skrifaði Vinnumáladeild Félagsmálaráðuneytisins bréf þann 24. september, og segir þar frá lokun frystihúss Heimaskaga h/f að undangengnum uppsögnum fram bornum með einnar viku fyrirvara. Að visu hafi öll frystihús á Akranesi lokað um tíma yfir sumarið, en aðeins Heimaskagi h/f hafi ekki hafið vinnslu á ný í ágústbyrjun, og séu þó allir togararnir farnir til veiða. Í bréfinu eru bornar brigður á það að rekstri verði breytt á þennan hátt án lögmæts uppsagnarfrests.

Heimaskaga h/f var sent samrit þessa bréfs og um leið var því mót-mælt hvernig staðið hafi verið að lokun frystihússins og að starfsfólk hafi verið svipt atvinnu uppsagnarlaust, og ef til vill að ástæðulausu, þar eð nægilegt hráefni virtist vera í bænum og vitað sé að afli hafi verið sendur burt til vinnslu annarsstaðar. Muni hér vera um að ræða breytta rekstrarhætti, sem tilkynna beri vinnumálaskrifstofu Félagsmálaráðuneytisins og hlutaðeigandi verkalýðsfélögum með minnst tveggja mánaða fyrirvara.

Félagsmálaráðuneytið svaraði ofanefndu erindi verkalýðsfélagsins þann 9. október. Þar kemur fram sú skoðun að rekstrarstöðvun þessi, sem staðið hafi í 3 mánuði og muni fyrirsjáanlega vara í a.m.k.

hálfan mánuð til viðbótar, hljóti að teljast „varanleg breyting á rekstri“. Slik rekstrarstöðvun sé að álitu ráðuneytisins „komin út fyrir þær undanþágur frá almennum uppsagnarfresti, sbr. lög nr. 19/1979, og tilkynningarskyldum til ráðuneytisins sbr. lög nr. 13/1979, sem lög heimila í tilefni vinnslustöðvana sökum hráefnisskort“.

Eins og getið er hér að framan gerir 3. gr. fiskvinnslusamningsins frá 16. mars 1976 ráð fyrir samstarfsnefnd til lausnar ágreinings, sem upp kynni að koma milli aðilanna. Nefnd þessi hélt fund þann 2. janúar 1981, þar sem til umræðu voru uppsagnir til starfsfólks varnaraðila, og sá ágreiningur, sem verið hafði vegna þeirra. Sættir tókust ekki með aðilum.

Stefnandi vísar fyrst og fremst til þess að fiskvinnslusamningurinn frá 16. mars 1976 sé alveg sérstaks eðlis, að því leyti að ekki megi segja upp nema á tilteknum vikudögum, og gefa skuli haldgóða skýringu á ástæðum uppsagnar. Þessi ákvæði hafi verið sett til þess að forðast að fólki væri sagt upp að ófyrirsynju. Forráðamenn varnaraðila hafi sagt upp á réttum degi, en misbrestur hafi á því orðið að uppgefnar ástæður fyrir uppsögnum hafi reynst haldgóðar, þó reynt hafi verið í uppsagnarbréfum að finna þeim stað. Í uppsagnarbréfunum, þar á meðal bréfi til sóknaraðila, Aldísar Sigurjónsdóttur, hafi verið sagt að vinnslustöðvun muni standa allt fram yfir verslunarmannahelgi. En reynslan hafi orðið sú að vinnsla hófst ekki fyrr en 27. október. Hafi nú svo verið að varnaraðili hafi vitað að hráefnisskortur stæði yfir svo lengi sem raun varð á, eða ekki hafi verið tilætlanin að afla hráefnis, hafi uppsögn með aðeins viku fyrirvara verið alger blekking. Slíka uppsögn megi ekki hafa nema vinnslustöðvun sé aðeins um skamman tíma. Ætla verði með vissu að varnaraðili hafi átt kost á hráefni engu síður en önnur frystihús þar á staðnum, og er minnt á það að Haförn h/f hafi sagt upp þann 16. júlí og opnað 5. ágúst, en Haraldur Böðvarsson & Co h/f hafi sagt upp 15. júlí og opnað þann 8. ágúst. Það liggja fyrir að varnaraðili hafi fengið hráefni, sem hafi nægt til að halda nokkrum rekstri gangandi, sbr. athuganir atvinnumálanefndar, þar sem fram kemur að í ágúst 1980 hafi varnaraðili haft u.þ.b. 68% af þeim afla sem hann hafði í ágúst 1979, og í september hafi bátur landað afla hjá varnaraðila til viðbótar þeim afla, sem fékkst úr togaranum.

Þannig hafi verið um að ræða breytingu á rekstri og fyrirsjáanlegt

að vinnslustöðvun myndi standa lengur en gefið var í skyn í uppsögn þeirri, er sóknaraðili fékk. 10. gr. laga nr. 19/1979 mæli svo fyrir að ákvæði gildandi kjarasamninga víki fyrir reglum laganna, ef þær séu launþeganum hagstæðari. Af þessum ástæðum hafi ekki verið heimilt að segja upp kauptryggingarsamningi eins og gert var með viku fyrirvara, heldur hafi átt að segja upp með þeim fyrirvörum er getur í 1. gr. laga nr. 19/1979, þannig að sóknaraðila hafi borið þriggja mánaða fyrirvari, vegna starfsaldurs hennar. Uppsögn sú er hún fékk sé því ógild og brot á lögum nr. 19/1979.

Í málsútlitun stefnda er fyrst nefnt að gripið hafi verið til þess að segja upp kauptryggingarsamningum starfsfólks við frystihús varnaraðila, vegna fyrirsjáanlegs hráefnisskorts allt frá 11. júlí og a.m.k. fram yfir 4. ágúst. Skip þau, sem lögðu upp fisk hjá varnaraðila um þetta leyti voru vélbátarnir Gróttá og Reynir, og auk þess átti varnaraðili tilkall til þriðjungs af afla Krossvíkur. En á þessum tíma hafi Gróttá þurft að fara í viðgerð, sem ekki hafi lokið fyrr en í nóvember 1980, og Reynir hafi farið í slipp um 20. júní og ekki hafið veiðar að nýju fyrr en 1. september, og stundað þær út mánuðinn, en þá hefði verið farið að undirbúa bátinn til síldveiða. Afli Reynis hafi numið riflega 42 smál. á þessum tíma. Togarinn Krossvík hafi hætt veiðum 10. júlí vegna lagfæringa og viðhalds, og síðan farið að landa fiski þann 7. ágúst. Af þeim afla, sem togarinn fékk frá og með þeim degi og til 24. október s.á. hefðu átt að koma í hlut varnaraðila riflega 349 smálestir. Varnaraðili hafi átt von á að aðkomuskip landaði á þessum tíma, en það hafi brugðist. Atvinnumálanefndin hafi reynt að útvega meiri fisk til vinnslu, en þær tilraunir hafi ekki borið árangur, án þess þó að forráðamönnum varnaraðila hafi verið um að kenna.

Þannig hafi varnaraðili ekkert hráefni fengið frá 11. júlí til 7. ágúst, og sá afli sem til féll síðan allt þar til vinnsla hófst aftur hafi verið svo lítill að mjög óhagkvæmt hefði orðið að vinna hann í frystihúsinu, og sú vinnsla hefði haft í för með sér að mikill hluti af starfsfólkinu hefði verið athafnalaus, en aflinn hafi fallið til nokkuð jafnt allan þennan tíma.

Þegar á allt þetta sé litið hafi verið uppfyllt öll skilyrði til þess að starfsfólk yrði tekið af launaskrá vegna hráefnisskorts, en heimild til þess sé að finna í lögum nr. 19/1979, 3. grein, og það

ákvæði sé að meginefni samhljóða 3. gr. laga nr. 16/1958, er voru undanfari fyrrnefndra laga.

Uppsögn sú, er sóknaraðili og annað starfsfólk varnaraðila fékk þann 4. júlí 1980 hafi farið fram í samræmi við ákvæði kjarasamninga, þ.á.m. fiskvinnslusamningsins frá 16. mars 1976. Hún hafi verið borin fram á réttum vikudegi og ástæður hennar hafi verið haldgóðar, sbr. það er að framan er greint um hráefnisskort. Því er mótmælt að ákvæði 1. gr. laga nr. 19/1979 um uppsagnarfresti komi til greina um uppsögn þessa, þar eð vinnuréttarsambandi sóknaraðila og varnaraðila hafi ekki verið sagt upp. Heimild atvinnurekanda til þess að taka starfsfólk af launaskrá með þessum hætti sé einmitt höfð til þess að slíta ekki vinnuréttarsambandi. Þetta komi berlega fram í greinargerð með frumvarpi til 2. gr., er varð svo 3. gr. laga nr. 16/1958. 3. gr. laga nr. 19/1979 geymi engin ákvæði er takmarki þann tíma, sem vinnslustöðvun geti staðið þannig að starfsfólk sé án launa, og slíkt tímabil geti eðli málsins samkvæmt ekki takmarkast af öðru en því hve lengi hráefnisskortur varir.

#### *Álit dómsins.*

1. gr. laga nr. 19/1979 segir fyrir um uppsagnarfresti ráðningarsamninga, en í 3. gr. eru sérákvæði um það er starfsemi fellur niður t.d. vegna hráefnisskorts og um þau tilfelli hafa kjarasamningar, þ.á.m. samningur Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands frá 27. febrúar 1976 ákvæði um viku uppsagnarfrest. Samskonar ákvæði er í ráðningarsamningi sóknaraðila Aldísar Sigurjónsdóttur.

Það virðist ljóst að almennt eigi uppsagnarfrestsákvæði 1. gr. nefndra laga við þegar slíta skal ráðningu starfsmanns fyrir fullt og allt, en ekki þegar kauptryggingarákvæðum er sagt upp. Greinargerð með frumvarpi til laga nr. 16/1958 þykir styrkja þessa niðurstöðu.

Nú hefur stefnandi haldið því fram að fyrst svo reyndist að vinnslustöðvun í frystihúsi varnaraðila, Heimaskaga h/f, stóð eins lengi og raun varð á, hefði varnaraðili átt að segja starfsfólki sínu upp, með videigandi uppsagnarfrestum skv. 1. gr. laga 19/1979, en ekki með þeim vikufresti sem hafður var. Í þessu sambandi minnir stefnandi á 10. gr. laganna, sem segir að ákvæði gildandi kjara-

samninga þoki fyrir reglum laganna ef þær séu launþeganum hagstæðari.

Fallast verður á að tími sá, sem vinnsla í frystihúsi varnaraðila lá niðri, var í lengsta lagi. Hér er þó þess að geta að hvorki kjarasamningar né lög 19/1979 setja reglur um það hve lengi vinnslustöðvun megi standa, svo viku uppsagnarfrest megi hafa. Skortir því bæði sammingslegan og lagalegan grundvöll fyrir því að takmarka heimild til uppsagnar kauptryggingarákvæðis með viku fyrirvara við stutta vinnslustöðvun, enda ekki ljóst hvernig ætti að draga tímamörk í hverju tilfelli.

Skýra verður uppsögn varnaraðila til sóknaraðila þannig að varnaraðili hafi ekki viljað slíta vinnuréttarsambandi aðilanna að fullu og megi því telja uppsögnina, eins og hún var úr garði gerð, lögmæta þótt vinnuhlé hafi orðið verulega lengra en ætla má að varnaraðili hafi mátt búast við er hann sendi uppsögnina.

Þá þykir ekki fært að vísa á bug þeirri skýringu stefnda, að vinnsla þess hráefnis, sem fram er komið að vól var á, hefði orðið óhagkvæm um skör fram, rekstrarlega séð.

Af þessum ástæðum þykir ekki fært að taka dómkröfur stefnanda til greina og á stefndi að vera sýkn af þeim.

Málskostnaður á að falla niður.

Dóm þennan kváðu upp Þorsteinn Thorarensen, Halldór Þorbjörnsson, Björn Helgason, Árni Guðjónsson og Skarphéðinn Þórisson.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Heimaskaga h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Verkalýðsfélags Akraness vegna Aldísar Sigurjónsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.